



Könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands leiðir í ljós að 49% svarenda ætla að kjósa Þóru Arnórsdóttur í komandi forsetakosningum. Ólafur Ragnar Grímsson mælist með um 35% fylgi. Ari Trausti Guðmundsson, sem bauð sig fram í síðustu viku, fær 11,5% fylgi en aðrir frambjóðendur um eða undir 3% (sjá mynd 1).



**Mynd 1. Hvaða forsetaframbjóðandi fær atkvæði þitt í forsetakosningunum 30. júní 2012?**


Sami hópur var spurður um afstöðu sína til frambjóðenda þann 17. apríl síðastliðinn en þá hafði Ari Trausti Guðmundsson ekki gefið kost á sér. Hann virðist sækja fylgi sitt einkum til óákveðinna en 46% þeirra sem nú segjast ætla að kjósa hann ætluðu áður að skila auðu, voru óákveðnir eða vildu ekki svara. Þriðjungur stuðningsmanna Ara Trausta ætluðu að kjósa Þóru Arnórsdóttur þegar spurt var 17. apríl og 11% ætluðu að kjósa Ólaf Ragnar Grímsson.

Mynd 2 sýnir hvað vegur þyngst í ákvörðun svarenda um það hverjum þeir ætla að greiða atkvæði. Velja mátti að hámarki þrjú atriði af 15. Almennt þótti svarendum þekking og reynsla frambjóðandans mikilvægust og því næst heiðarleiki frambjóðandans. Súlurnar gefa til kynna hversu hátt hlutfall stuðningsfólks efstu frambjóðendanna þriggja telur viðkomandi þátt hafa vegið þyngst í ákvörðun sinni um hvaða frambjóðanda skuli kjósa. Þannig segist 61% þeirra sem styðja Ólaf Ragnar Grímsson að þekking hans og reynsla sé einn af þremur þáttum sem vegi þyngst í ákvörðun þeirra. Það sama gildir um 24% stuðningsfólks Þóru Arnórsdóttur og 37% þeirra sem styðja Ara Trausta Guðmundsson. Tæpur helmingur stuðningsfólks Ara Trausta segir heiðarleika hans vega einna þyngst í ákvörðuninni en það á við um 45% stuðningsfólks Þóru en 18% þeirra sem styðja Ólaf Ragnar. Almenn framkoma Þóru Arnórsdóttur þótti vega þungt í ákvörðun 51% stuðningsmanna hennar. Á hinn bóginn nefndu einungis 16% stuðningsmanna Ólafs Ragnars að almenn framkoma vegi einna þyngst í ákvörðuninni um hvaða frambjóðanda skuli greiða atkvæði.



**Mynd 2. Hvað vegur þungst í ákvörðun þinni um það hverjum þú ætlar að greiða atkvæði? Veldu að hámarki þrjú atriði.**

Sá eiginleiki í fari Ara Trausta Guðmundssonar sem flest stuðningsfólk hans er sammála um að vegi þungt við ákvörðunina um að greiða honum atkvæði er heiðarleiki hans. Þekking og reynsla Ólafs Ragnars Grímssonar er sá eiginleiki sem flest stuðningsfólk hans velur en almenn framkoma Þóru Arnórsdóttur er sá eiginleiki sem flest stuðningsfólk hennar segir hafa vegið þungt við ákvarðanatökuna (sjá mynd 3).



**Mynd 3. Hvað vegur þyngst í ákvörðun þinni um það hverjum þú ætlar að greiða atkvæði? Þau þrjú atriði sem skiptu stuðningsfólk Ara Trausta Guðmundssonar, Ólafs Ragnars Grímssonar og Þóru Arnórsdóttur mestu máli.**

Könnunin var send á netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands þann 24. apríl síðastliðinn. Valið er í panelinn eftir tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og gögnin að auki vigtuð með tilliti til aldurs, kyns og búsetu svo þau endurspegli þjóðina. Könnunin var send á 1961 þátttakendur og alls svöruðu 1379. Svarhlutfallið er því 70%.